
Greinargerð með fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2023.

Rekstartekjur.

Rekstrartekjur er alls áætlaðar 241,7,1 mkr og lækka um 30,9 mkr frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2022, sem skýrist vegna lækkunar framlaga til Sóknaráætlunar og ónotuðum styrkum fyrri ára var ráðstafað á árinu 2022. Á móti kemur hækkun framlaga Jöfnunarsjóðs og sveitarfélaga, samanlagt um 3,4 mkr.

Framlög Ríkissjóðs

Framlög ríkissjóðs lækka frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2022 um tæpar 9 mkr. Hér er tekið tillit til fjármálaáætlunar 2023-2027 um lækkun framlaga til sóknaráætlana en reynt verði hinsvegar að ná fram hækkun framlaga líkt og á síðustu árum en þá sem einskiptis hækkun. Framlag í deild byggðapróunar o.fl., 3,5 mkr, er til C9 verkefni Byggðaaætlunar *Náttúruvernd og efling ferðaþjónustu* (samstarfsverkefni með SSV um Nýtingu og vernd Breiðafjarðar).

Fjórðungssamband sækir árlega um verkefnaframlag úr C1 verkefni Byggðaaætlunar *Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða*. Á grundvelli umsókna á árinu 2022 fengust úthlutaðar 42 mkr til þriggja verkefna á Vestfjörðum og er þeim ráðstafað innan sama árs. Reiknað er með á árinu 2023 verði sami háttur hafður á að verði umsóknir samþykktar þá er áætlað að fjármagn renni óskert til verkefna utan starfsemi FV og hefur því ekki áhrif á niðurstöðu rekstar.

- **Framlög Jöfnunarsjóðs.**

Framlagið skiptist upp í tvo hluta. Annars vegar fá landshlutasamtök sveitarfélaga samkvæmt reglugerð um Jöfnunarsjóð, hlutdeild af almennum tekjum sjóðsins. Áætlað hefur verið að hálfu sjóðsins að framlagið muni nema 38,4 mkr á árinu, framlagið rennur til reksturs skrifstofu FV. Hinsvegar hefur Jöfnunarsjóður á undanförunum árum veitt framlagi til FV vegna reksturs áætlana í umsjón FV s.s. sóknaráætlunar, reiknað er með sama framlagi og samþykkt er fyrir árið 2022 eða sem nemur 6,2 mkr.

- **Framlag Byggðastofnunar.**

Framlag Byggðastofnunar byggir á samningi FV og Byggðastofnunar um atvinnu og byggðapróun á starfsvæði FV. Samningurinn gildir út árið 2022 og drög að nýjum samningi liggja ekki fyrir. Framlög sem tilgreind eru tillögu að fjárhagsáætlun standa í stað á milli ára. Hér er fylgt tillögu um fjármögnun Byggðaaætlunar sem er samhljóða tillögu Fjármálaáætlun 2023-2027 og þar er lítilsháttar lækkunar heildarframlags með vísan til almennrar hagræðingarkröfu.

Viðræður um nýjan samning eru hafnar en þeim er langt frá því lokið og framlög eru því í óvissu m.v. fjárhæð. Eins er þá hvort takist að hækka framlagið við vinnslu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2023.

- **Framlög sveitarfélaga**

Samkvæmt samþykktum Fjórðungssambands þá er árstíllag sveitarfélaga ákveðið á Fjórðungsþingi að hausti, reiknast það sem framlag á hvern íbúa sveitarfélags miðað við 1. janúar ár hvert. Árstíllag fyrir árið 2022 var hækkað um 2 mkr og nemur 39,5 mkr en hafði þá staðið óbreytt frá 2018. Af þessari hækkun 1 mkr gekk til hækkunar framlags til málaflokka FV sem fyrsta skref til að mæta hækkun launa og annars rekstrarkostnaðar og 1 mkr til verkefnisins umhverfissvottun sveitarfélaga (Earth Check).

Tillaga er hér um að hækka árstíllag fyrir árið 2023 er nemur 2 mkr og verði alls 41,5 mkr, nemur hækkunin um 5% á milli ára. Upplegg þessara tillögu er að mæta auknum kostnaði Vestfjarðastofu við framkvæmd verkefna FV, er varða hagsmunagæslu, verkefni um markaðsmál ferðaþjónustu, til að fylgja eftir góðum árangri s.s. Lonely Planet og festa þann árangur í sessi og að lokum verkefni til að efla nýsköpun og fjárfestingu. Tekið er mið af 8,3% hækkun launavísitölu frá júlí 2021 til júlí 2022 fyrir þessa málaflokka.

Tillaga er um að halda óbreyttu framlagi til umhverfissvottunar sem hækkað var í fyrra og halda óbreyttu framlagi til menningarfulltrúa sem er partur af samningi við ráðuneyti um Sóknaráætlun Vestfjarða.

Framlagið skiptist á rekstrardeildir;

- Byggðaðpróun og atvinnu og nýsköpunarmál, samtals **12,3 mkr**. Framlagið er tvískipt, **7,3 mkr** sem er mótframlag sveitarfélaga á móti samningi við Byggðastofnun um atvinnu og byggðaðpróun. Síðan **5 mkr**, framlag til reksturs Umhverfissvottunar sveitarfélaga Earth Check
- Rekstur skrifstofu, samtals **29,2 mkr**. Hér er árstíllag sveitarfélaga til markaðaðsmála, **7,7 mkr**, hér er um að ræða mótframlag á móti samningi Vestfjarðastofu við mótframlag á móti framlögum Ferðamálastofu vegna Áfangastofu. Árstíllag **9,9 mkr** hér er um að ræða framlag til starfsemi á sviði menningarmála, sú starfsemi er skilgreind sem áhersluverkefni í samningi um Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 og að lokum árstíllag til rekstur skrifstofu, **11,6 mkr**, hér er um að ræða framlag til reksturs skrifstofu FV.

Aðrar tekjur.

Aðrar tekjur 10 mkr eru framlög vegna verkefnatengdra verkefna í samstarfi við Vestfjarðastofu.

Umframgreiðsla styrkja Uppbyggingarsjóðs innan ársins.

Á árinu 2021 var gengið eftir við styrkþega sem höfðu ekki lokið verkefnum frá síðustu árum að ljúka þeim verkefnum eða falla frá þeim og endurgreiða verkefnastyrk að hluta eða öllu leyti. Fyrir mistök var tvítalinn hluti þeirra styrkja sem voru endurgreiddir. Samþykkt var að endurúthluta 14,1 mkr við úthlutun Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2022 sú fjárhæð átti að vera 9,6 mkr, umframúthlutun nam því tæpum 4,5 mkr.

Hér er gerð tillaga um að við úthlutun Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2023 verði úthlutað fjármagn lækkað sem nemur tæpum 4,450 þkr og sú fjárhæð kemur því til tekna í deild Sóknaráætlun á árinu 2023. Með þessum hætti verði framangreind mistök leiðrétt.

Ónotaðir styrkir.

Engir ónotaðir styrkir eru til ráðstöfunar á árinu 2023.

Ónotaðir styrkir til næsta árs.

Ekki er reiknað með að ónotaðir styrkir safnist upp á árinu 2023.

Rekstargjöld

Rekstrargjöld eru alls áætluð um 235,3 mkr og lækka um tæpar 42 mkr frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2022 mestmegnis vegna minna verkefnafjármagns sem greitt er óskert til verkefna Vestfjarðastofu og annarra aðila sem sjá um framkvæmd þeirra. Áætlað er að rekstrarafgangur nemi 6,4 mkr.

Lífeyrisskuldbinding. Áætlaðar greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga FV nemi um 170 þkr og hefur lækkað um 9,5 mkr frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2022.

Framlag til Vestfjarðastofu. Alls áætlað 134 mkr og lækkar það um 1,7 mkr og er ráðstafað samkvæmt rekstrarsamningi FV og Vestfjarðastofu skiptist á eftirfarandi deildir,

- Byggðaðbróun og atvinnu og nýsköpunarmál, samtals 54,2 mkr.
Tillaga er að 54,2 mkr renni til að vinna að verkefnum samkvæmt samningi FV við Byggðastofnun um atvinnu og byggðaðbróun, það er hækkun um 500 þkr til þess verkefnis. En framlagið lækkar í held um 4,1 mkr þar sem engir óráðstafaðir styrkir eru til ráðstöfunar á árinu 2023.
Óbreytt tillaga um 5 mkr framlag vegna umsjónar með umhverfisvottun sveitarfélaga.
- Sóknaráætlun. Framlag til reksturs Sóknaráætlunar Vestfjarða (11,4 mkr) og sértæk verkefni Byggðaaætlunar (6,2 mkr) alls 17,6 mkr alls hækkun um 1 mkr.
- Rekstur skrifstofu FV. Alls 62,2 mkr hér er tillaga um hækkun um 1,5 mkr. Framlag nýtt til reksturs skrifstofu FV, framkvæmdastjórn, stjórn FV, nefndir FV, sérfræðivinna/hagsmunagæsla, húsnæði og tæki. (fjármögnun kemur af framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélagi 33 mkr og 11,6 mkr af framlagi sveitarfélaga).
Til markaðsmála 7,7 mkr að vinna að verkefnum á sviði markaðsmála ferðapjónustu / Áfangastofu Vestfjarða.
Til menningarmála. tillaga um 9,9 mkr til að vinna að menningarstarfi sem áhersluverkefni samkvæmt samningi um Sóknaráætlun Vestfjarðar 2020-2024.

Áhersluverkefni. Alls 30 mkr, hér er lækkun framlaga til áhersluverkefna Sóknaráætlunar um 15,2 mkr frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2022. Af þessum 30 mkr hefur þegar verið ráðstafað á árinu 2023, 7,5 mkr til verkefnisins Bláma og 6 mkr til verkefnisins Orkuskipti í höfnum. Fjallað er um áhersluverkefni í skýrslu til Fjórðungsþings um starfsemi Sóknaráætlunar Vestfjarða.

Stjórn FV fjallar síðar á árinu um ráðstöfun 16,5 mkr og fjárhæðin verður endurskoðuð ef fjárveitingar til Sóknaráætlunar verði hækkaðar umfram ramma Fjármálaáætlunar 2023-2027.

Greiddir styrkir. Alls 54,1 mkr í úthlutun Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2023.

Aðkeyptir verktakar/þjónusta. 2,5 mkr vegna vinnu að C9 verkefni Byggðaáætlunar, *Náttúruvernd og efling ferðaþjónustu - Breiðafjarðarverkefni.*

Annar skrifstofukostnaður. 4,5 mkr, þar af 1 mkr vegna annarra útgjalda við C9 verkefni Byggðaáætlunar, *Náttúruvernd og efling ferðaþjónustu – Breiðafjarðarverkefni.* 3 mkr til uppgjörsvinnu og aðra aðkeypta ráðgjöf.

Önnur gjöld. 10 mkr, Önnur gjöld 10 mkr, eru útgjöld vegna verkefnatengdra verkefna í samstarfi við Vestfjarðastofu.

Rekstarniðurstaða.

Rekstarniðurstaða er jákvæð um 6,4 mkr. Sem skýrist annarsvegar að leiðrétt í einu lagi umfram framlag til Uppbyggingarsjóðs sem fór til styrkúthlutunar á árinu 2022, alls 4.450 þkr. Hinsvegar að áætluð hækking framlaga Jöfnunarsjóðs og framlags sveitarfélaga sé ekki ráðstafað í heild sinni heldur standi eftir um 2 mkr, til að gefa nýrri stjórn svigrúm til nýrra verkefna sem verða kynntar í endurskoðaðri fjárhagsáætlun í apríl á næsta ári.

Annað.

Í tillögu fjárhagsnefndar að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2022, er framsetningu breytt með sameiningu deilda enda hefur fækkað tekju og gjaldaliðum innan einstakra deilda. Árstíllag sveitafélag verði skoðað sem ein heild en ekki brotið upp á einstaka verkefnaþætti og þannig gefið aukið færi að ræða áherslur sveitarstjórna um ráðstöfun árstíllags.

Við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 er ekki gengið lengra með breyttri framsetning fjárhagsáætlunar, en efni tillögu Fjárhagsnefndar verði vísað til nýrrar stjórnar.

Sem fram kemur í fjárhagsáætlun 2023 þá hefur lífeyrisskuldbinding Fjórðungssambands dregist mjög saman. Fjárhagsnefnd leggur til við gerð ársreiknings fyrir árið 2022 verði skoðað til hlítar að færa áætlaða lífeyrisskuldbindingu í lok árs 2022 í efnahagsreikning Fjórðungssambandsins, í stað þess að vera tilgreind í skýrslu stjórnar.